

## Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í fundarsal mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sölvhólsögðu 4, 4. hæð þriðjudaginn 24. apríl og hófst hann kl. 15:30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Þröstur Helgason, Helga Sigrún Harðardóttir, Haraldur Blöndal, Hilmar Hilmarsson, Jóhann R. Kristjánsson, Steinunn Stefánsdóttir, Ásta Kristín Benediksdóttir, Brynhildur Þórarinsdóttir, Iuliana Kalenikova og Þórhildur S. Sigurðardóttir. Melkorka Tekla Ólafsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson boðuðu forföll. Bjarki Karlsson og Sölvi Björn Sigurðsson voru fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Áhersluatriði ársins

Áhersluatriði Íslenskrar málnefndar á þriðja skipunarári hennar, sem stendur frá 1. september – 31. ágúst, er áhrif fjölmenningsamfélagsins á málið og viðbrögð við auknum ferðamannastraumi. Brugðist hefur verið við ýmsum málum þar að lútandi með bréfaskriftum og málræktarþingið í nóvember verður um þetta málefni, sjá nánar 2. lið.

Fjórða skipunarár málnefndarinnar hefst 1. september 2018 og því á að ljúka 31. október 2019. Ísland fer með formennsku í norræna málnefndanetinu árið 2019 og mörg verkefni fylgja formenskunni. Það er því æskilegt að skipunartími málnefndarinnar verði framlengdur út árið.

Áhersluatriði fjórða skipunarárs málnefndarinnar er samkvæmt stefnuskrá að safna upplýsingum um íslensku og málfar á einn stað notendum að kostnaðarlausu. Vefurinn málið.is var opnaður í nóvember 2016 og þar er hægt að leita í mismunandi gagnasöfnum. Þar er m.a. að finna íslensk-íslenska orðabók en hún er aðeins með um 50.000 flettur. Umræður urðu um að það þyrfti að fá ókeypis aðgang að Íslenskri orðabók sem er á Snöru og að einnig þyrfti að fá ókeypis aðgang að tvímála orðabókum. Rætt var um mikilvægi þess að efni orðabókanna væri uppfært en ekkert hefur verið unnið að uppfærslu Íslenskrar orðabókar síðan 2007.

### 2. Málræktarþing og ályktun Íslenskrar málnefndar 2018

Árlegt málræktarþing verður haldið fimmtudaginn 15. nóvember kl. 15.30 í Þjóðminjasafninu og verður með hefðbundnu sniði, þ.e. kynnt verður ályktun ÍM fyrir 2018, veitt verður viðurkenning og haldin 5–6 stutt erindi. Á málræktarþinginu verður fjallað um áhersluatriði ársins, þ.e. áhrif fjölmenningsamfélagsins og viðbrögð við auknum ferðamannastraumi. Hilmar Hilmarsson hefur tekið að sér að rita ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu í ár. Rætt hefur verið um hugsanlega fyrirlesara á málræktarþinginu en ekki hefur enn verið haft samband við neinn.

Formaður hvatti fundarmenn að koma með tillögur um fyrirlesara og ábendingar varðandi viðurkenningar á málræktarþinginu.

### 3. Frásögn af fundi stjórnar Íslenskrar málnefndar með fulltrúum atvinnulífsins í janúar

Árman greindi frá fundi stjórnar Íslenskrar málnefndar með fulltrúum atvinnulífsins um stöðu íslenskrar tungu 18. janúar í Safnahúsinu. Fundinn sátu Andrés Magnússon frá Samtökum verslunar og þjónustu, Davíð Þorláksson og Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, María Guðmundsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Þórunn Árnadóttir frá Neytendastofu, Sigurður Hannesson frá Samtökum iðnaðarins, Ólafur Stephensen frá Félagi atvinnurekenda og Vigdís Halldórsdóttir frá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Markmið með fundinum var fyrst og fremst að koma á sambandi milli ÍM og fulltrúum atvinnulífsins, og benda á stöðu íslensku í breyttum heimi. Engar ákvarðanir voru teknar á fundinum en góðar umræður og jákvæðni var ríkjandi. Við þær aðstæður sem nú ríkja þarf mótvægisáðgerðir fyrir íslenskuna. Þátttakendur ræddu hvernig þeir sæju fyrir sér að íslenskan dafnaði í atvinnulífinu næstu ár eða áratug, hvað hægt væri að gera til þess að íslenska hyrfi ekki alveg úr ýmsum greinum atvinnulífsins og hvað hægt væri að gera til þess að hægt væri að nota íslenska tungu á öllum sviðum þjóðlífs.

### 4. Fráögn af málþinginu Unga fólkið og bókmenntirnar

Haldið var málþing í febrúar um lestur ungmenna og skort á bókum fyrir þann aldurshóp 7. febrúar í Ármúlaskóla. Málþingið hófst með ávarpi Ástu Magnúsdóttur, ráðuneytisstjóra í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og síðan héldu eftirtaldir erindi: Egill Örn Jóhannsson frá Félagi bókaútgefenda, Sigrún Birna Björnsdóttir frá Samtökum móðurmálskennara, Brynhildur Þórarinsdóttir frá Barnabókasetri, Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur og Melkorka Gunborg Briansdóttir nemandi í MH. Að loknum erindum voru hringborðsumræður um málefni málþingsins.

Málþingið heppnaðist mjög vel og hringborðsumræðurnar sömuleiðis. Hugmynd hefur komið fram um að endurvekja Málfregnir sem vefrit á heimasíðu málnefndarinnar, [islenskan.is](http://islenskan.is), og birta þar efni málþingsins. Málfregnir væri hægt að gefa út eftir þörfum og birta þar t.d. efni frá málræktarþingum og e.t.v. einnig fréttir.

### 5. Innflytjendur á Íslandi og íslensk tunga – Iuliana Kalenikova

Iuliana Kalenikova, sem er tilnefnd af velferðarráðuneyti í Íslenska málnefnd, greindi frá reynslu sinni sem innflytjandi á Íslandi.

### 6. Önnur mál

#### a) Heimasíða Íslenskrar málnefndar

Þórhildur S. Sigurðardóttir benti á að það þyrfti að uppfæra heimasíðu Íslenskrar málnefndar. Þar vantar t.d. fundargerðir.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.45.

Guðrún Kvaran  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.